

## Stjórnarfundur STEFs 10. maí 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 10. maí 2024 að Laufásvegi 40 kl. 18:30. Þetta var aukafundur og jafnframt fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Halldór Smáráson, Sóley Stefánsdóttir og Magnús Jóhann Ragnarsson, en þetta var fyrsti stjórnarfundur þeirra þriggja síðastnefndu. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Nýkjörinni stjórn var óskað til hamingju með kjörið.
2. Stjórn skipti með sér verkum. Páll Ragnar Pálsson lýsti því yfir að hann hygðist bjóða sig fram sem formann stjórnar. Ekki bárust önnur framboð og var Páll því sjálfkjörinn í embættið. Bragi Valdimar Skúlason bauð sig síðan fram sem varaformann og var einnig sjálfkjörinn.

3. Fundartímar stjórnar fram til áramóta.

Lagðar voru fram tillögur um fundartíma stjórnar fram að áramótum og voru þær samþykktar með minniháttar breytingum.

4. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 19:10.